



**Þróun á endafrágangi brúarmannvirkja - Vettvangsferðir og eftirfylgni á þróun á endafrágangi brúarmannvirkja til að lágmarka viðhald vega við brúarenda – Áfangaskýrsla 3. Ingvar Hjartarson og Magnús Arason, Efla hf. – apríl 2022.**

Ágrip skýrsluhöfunda:

Brúm án þensluraufa, þ.e. samfelldum- eða hlutasamfelldum brúm, hefur fjölgað á Íslandi undanfarna áratugi, sérstaklega fyrir brýr upp að 100 m lengd. Algengasta vandamálið við endann á brúm án þensluraufa eru sprungur eða dældir í slitlaginu. Orsakir skemmdanna í slitlaginu geta verið margslungnar en algengastar eru niðurbrot fyllingar vegna láréttar hreyfingar brúarenda, mismunasigs jarðvegs, veðrunarvandamála og samþjöppunar.

Í fyrri hlutum rannsóknarverkefnisins var endurbættur brúarendi fyrir brú með malbiksslitlagi kynntur byggt á erlendum rannsóknum og reynslu EFLU frá Noregi. Í framhaldsverkefninu var endurbætti brúarendinn aðlagður fyrir brýr með klæðningu á aðlægum vegi og samanburðarbrýr valdar í samráði við Vegagerðina til að sannreyna skilvirkni endurbætta brúarendans.

Í þessum hluta rannsóknarverkefnisins var rannsókn Gylfa og Helga (2016) endurtekin, þ.e. farnar voru vettvangsferðir að sömu brúm og Gylfi og Helgi skoðuðu fyrir sex árum síðan, ástand brúarendanna var metið, viðgerðarsaga brúarendanna skoðuð og sig mælt við brúarendana. Tilgangurinn er að sannreyna hvort niðurbrot í vegfyllingum við enda brúa án þensluraufa megi rekja til skriðs og rýrnunar á upphafsárum brúnna eða hvort um viðvarandi vandamál sé að ræða vegna hreyfinga brúargólfsins. Byggt á niðurstöðum vettvangsferðarinnar er vöktunaráætlunin fyrir brýrnar á Þorskafjörð og Hornafjarðarfljót endurmetin.